



LAUFBLAÐIÐ

Fréttablað Skógræktarfélags Íslands

9. árg. 2000 1. tbl. kr. 499-



Heiðmörk 50 ára

Skógræktaráform á nýrri öld

Skógræktarfélag Eyfirðinga 70 ára

ISSN 1605 5012



BINDING KOLEFNIS Í SKÓGI - HVAÐ ERU LANDGRÆÐSLUSKÓGARNIR BÚNIR AÐ BINDA MIKIÐ CO₂?

Undanfarið hefur verið töluverð umræða um möguleika þess að binda kolefnis í gróðri héraðs, sem leið til þess að vega upp á móti svokölluðum gróðurhúsaáhrifum. Um þau er ekki þörf á að fjölýrða hér en benda má lesendum á ágæta grein um þessi mál í Laufblaðinu 8. árg. 1999, 1. tbl. bls. 12, þar sem fjallað er um bindingu kolefnis í skógargróðri.

Nýlega er komin út skýrsla á vegum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins (fjölrit nr. 197) þar sem fyrstu niðurstöður rannsóknahóps um bindingu kolefnis í gróðri eru kynntar. Komast sérfræðingarnir að þeirri niðurstöðu að með skógrækt sé hægt að binda 7-8,7 tn/CO₂/ha/ár. Mest er bindigeta svokallaðra Landgræðsluskóga, sem eru ræktaðir á svæðum þar sem veruleg binding verður í jarðvegi og botngróðri. Benda niðurstöðurnar til þess að við slíka skógrækt geti binding verið um 8,7 tn/CO₂/ha/ár.

Þessar niðurstöður er áhugavert að tengja við umfangsmesta verkefni skógræktarfélaganna, Landgræðsluskóga, sem hófust árið 1990. Á vettvangi þeirra er búið að gróðursetja nú um 10.000.000 trjáplöntur. Að gefnum þessum nýbirtu tölum um bindingu er hægt að áætla hversu mikið CO₂ þeir mundu binda (sjá mynd).


Miðað við þessar forsendur sem gefnar eru upp í línuritinu er hægt að áætla að árleg binding CO₂ í skóglendum Landgræðsluskóga sem gróðursett hafa verið árin 1990-1999 verði um 21.000 tonn af koltvísýringi (CO₂) á ári að meðaltali. Þessa bindingu er áhugavert að skoða í samanburði við ýmsa þætti sem valda losun CO₂.

LAUFBLAÐIÐ


Fréttablað Skógræktarfélags Íslands,
9. árgangur, 1. tölublað, vetur 2000

Skógræktarfélag Íslands er samband skógræktarféлага sem byggja á starfi sjálfbæðis. Það er málsvári félaga og hefur m.a. að markmiði að stuðla að trjá- og skógrækt, gróðurvernd og landgræðslu, auk fræðslu og leiðbeiningastarfs. Skógræktarfélagin starfa um allt land og eru 57 talsins með liðlega 7000 félagsmenn, og mynda þannig ein fjölmennustu frjálsu félagasamtök landsins sem vinna að umhverfismálum. Með því að gerast félagsmaður í skógræktarfélagi styður þú gott málefni, auk þess að tengjast lifandi félagskap þar sem fram fer fjölbreytt félags- og fræðslustarf.


Laufblaðið er sent endurgjaldslaust til allra félagsmanna í skógræktarfélagunum. Með því að gerast fé-



Með landgræðsluskógrækt er hægt að binda mjög mikið CO₂ úr andrúmsloftinu. Á þessari mynd sést eitt Landgræðsluskógasvæðanna, Melgerðismelar í Eyjafirði, en þar var hafist handa árið 1990 og hefur árangurinn ekki látið á sér standa. Þar er nú að vaxa upp glæsilegur lerkiskógur, sem nú er orðinn mest um 3 m hár. Þannig eru margar flugur slegnar í sama högginu; nýtt einskisnýtt land klætt hlýlegum skógi, ný auðlind sköpuð með verðmætum trjávið lerkisins, auk þess sem unnið er gegn gróðurhúsaáhrifum með mikilli CO₂ bindingu. Á næstu árum er ætlunin að klæða sem mest af slíkum löndum skógi. Mynd (JGP)



Heimild: Ólafur Arnalds, Ása L. Aradóttir, Arnór Snorrason, Grétar Guðbergsson, Þorbergur Hjalti Jónsson og Anna María Ágústs dóttir. 1999. Organic carbon sequestration by restoration of severely degraded areas in Iceland. Fjölrit RALA nr. 197, 19 bls.



lagsmaður í skógræktarfélagi færð þú Laufblaðið og Frækornin send heim reglulega.

Útgefandi: Skógræktarfélag Íslands. Ránargötu 18, 101 Reykjavík, sími: 551-8150

Ritstjóri: Jón Geir Pétursson skógræðingur, netfang: skogis.jgp@simnet.is

Ábendingar og upplýsingar varðandi efni blaðsins eru vel þegnar.

Ábyrgðarmaður: Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri.

Stjórn Skógræktarfélags Íslands: Formaður Magnús Jóhannesson, varaformaður Vignir Sveinsson, gjaldkeri Sigríður Jóhannsdóttir, ritari

Björn Árnason, meðstjórnendur Ólafía Jakobsdóttir, Sigurður Arnarson, Þorvaldur S. Þorvaldsson. Varann Hólmfríður Finnbogadóttir, Trausti Tryggvason, Þuríður Yngvadóttir.

Gefið út í 7500 eintökum.

Prentvinnsla: Viðey ehf.

Forsíðumynd (JGP) - Haustið 1999. Lerkiskógar eru að vaxa úr grasi mjög víða á Fljótsdalshéraði. Þessi mynd er tekin á Völlumum og sýnir uppaxandi lerkiskóga - Náttúruauðlind nýrra tíma - eins og Héraðsskógar, skógræktaráttaksverkefnið á Héraði, kallar skógana. Þess má geta að í ár eru 30 ár liðin frá upphafi bændaskógræktar á Héraði og 10 ár frá stofnun Héraðsskóga.



SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS 70 ÁRA

Í ár er Skógræktarfélag Íslands 70 ára, en félagið var stofnað á Alþingishátíðinni árið 1930. Félagið mun minnst þessara tímamóta á ýmsan hátt og er stefnt að því að kynna helstu liði afmælisársins nú á vordögum.



Það er ánægjulegt á afmælisári að geta virt fyrir sér góðan árangur ræktunarstarfs skógræktarfélaganna víða um land. Á Gunnfríðarstöðum í Langadal hefur til dæmis Skógræktarfélag A-Húnvetninga ræktað fallegan skóg, ágætt dæmi um árangursríkt ræktunarstarf undanfarinna áratuga. Mynd (JGP)

SKOÐUÐ OG MÆLD GÖMUL TRÉ



Síðastliðið haust stóðu Skógræktarfélag Íslands, Garðyrkjufélag Íslands og Ferðafélag Íslands fyrir skógargöngum í Reykjavík. Í göngunum voru skoðuð gömul tré í miðbænum og mörg þeirra hæðarmæld. Afar góð þátttaka var í þessum gönguferðum og lætur nærri að um 500 manns hafi samtals tekið þátt í þeim.

Skógræktarfélögin hyggjast halda svona gönguferðum áfram í fleiri bæjarfélögum og draga með því athygli að þeim góða árangri sem náðst hefur í trjárækt í borgum og bæjum landsins undanfarna áratugi. Vonandi verður sá árangur hvati enn meiri ræktunar í bæjarfélögum, íbúum til skjóls og þróði.



Eitt elsta og glæsilegasta tré borgarinnar er silfurreynirinn í Aðalstræti, líklega gróðursettur um 1885. Hann mældist vera 9,3 m hár og með ummál í brjósthæð 247 cm. Hér er verið að mæla hann með sérstakri trjásmælingastöng. Mynd (BJ)

LANDGRÆÐSLUSKÓGARNIR NEMA LAND

Það verða að teljast ákveðin tímamót í skógrækt, þegar elstu trén fara að sá sér út sjálf. Þetta er farið að gerast í Landgræðsluskóga-verkefninu, nú 10 árum eftir að fyrst var byrjað að gróðursetja. Fyrstar til þess eru elritegundir, sérstaklega sitkæli en sjálfsánar plöntur þess er nú að finna á nokkrum stöðum. Einnig er væntanlega ekki langt að bíða þess að sjálfsánar birki- og víðiþlöntur fari að finnast.


Falleg sjálfsáin sitkæli-planta á ræktunarsvæði Skógræktarfélags Breiðdæla, nærri Staðarborg í Breiðdal. Þar er nú hægt að finna tugi ef ekki hundruð sjálfsáinna elriplantna. Þær eru komnar út af örfáum elriplöntum, sem gróðursettar voru í upphafi verkefnisins. Vænta má mjög mikillar aukningar í landnámi elrisins á landgræðsluskóga-svæðunum víða um land á næstu árum, ef svo fer fram sem horfir. Mynd (JGP)



TVÖFALDUR

VÖXTUR TRJÁPLANTNA

MEÐ HLÚPLASTI



Ótvíræður árangur

Hlúplast-ræktunardúkurinn er þróaður í samvinnu við Skógrækt ríkisins. Niðurstöður mælinga Skógræktarinnar sýna ótvírætt fram á gildi **Hlúplast**dúksins við ræktun trjáplantna. Vaxtarhraði trjáplantnanna tvöfaldaðist á sex ára tímabili.



Hlúplast-ræktunardúkurinn er fyrirbyggjandi í þremur lengdum, 25 m og 50 m fyrir tómstunda-ræktun og 500 m til vélrænnar niðurstættningar.

Útsölastaðir:

Byggingavöruverslanir og gróðrarstöðvar um land allt.



Plastprent hf.


Fosshálsi 17-25
110 Reykjavík
Sími 580 5600
Fax 580 5690

ENGLAR ALHEIMSINS - TRJÁM VAFÐIR

Englar alheimsins, nýjasta mynd Friðriks Þórs Friðrikssonar, er fyrir margra hluta sakir athyglisverð ræma. Margir hafa mært þessa frábæru mynd og oftast en ekki horft á hana út frá almennum sjónarhóli kvikmynda, s.s. leik, handriti, vinnslu, kvikmyndatöku, tónlist o.s.frv. Engu er þar í raun við að bæta öðru en sjónarhorni Laufblöðungs sem barði myndina auga í janúar sl. Trjágróður leikur nefnilega ákaflega veigamikla hlutverk. Táknmál trjágróðursins er augljóst enda fyrirferðarmikill þáttur í myndinni.

Í raun og veru hefur maður á tilfinningunni að sviðið gæti verið hvar sem er í heiminum, annars staðar en á Íslandi, sé allur trjágróðurinn hafður í huga. Óvenjulegt í íslenskri kvikmyndagerð. Sé meðaltals mælistikan notuð sjáum við venjulega öræfi, eyðisanda, mosa, fossa eða foráttu.

En það er einmitt mynduppbygging trjágróðursins í mynd Friðriks sem undirstrikar eitt og annað, sem ekki er fest í orð en fyllir myndmálið tilfinningu. Dæmi: Fyrir utan heimili Páls er fallegt reynitré sem undirstrikar hlýju og vernd heimilisins. Kæranstann býr



Mynd:JGP

í húsi umvöfðu trjágróðri en það er einhver einkennilega drungaleg birta sem býr í garðinum og ekki verður hönd á fest. Dulúðug tilfinningin milli stofnanna boðar ekki góð tíðindi. Það fer líka svo að aðalsöguhetjan sturlast og er send

á Klepp sem er umvafinn hálfgerðum skógi. Enn undirstrikar gróðurinn að haldið er utan um líf söguhetjunnar. Umhverfið er grænt og vænt en getur jafnframt táknað múrinn, eða þyrnigerðið, milli veruleikans utan og innan veggja. Híbýli Páls í lok myndarinnar eru steypa, allt annars eðlis en áður, kalt og gróðursnautt umhverfi. Ekki vottur um hlýju. Engin fær leið nema malbikið. Andstæðurnar eru hrópandi. Niðurstaðan: Trjágróðurinn í Reykjavík var í aðalhlutverki án þess að vera tilnefndur sérstaklega.

Það er ekki á hverjum degi sem kvikmyndatökumenn hér á landi beina linsunni að trjágróðri með jafn eftirminnilegum hætti. Hér er vissulega slegið á nýja strengi eins og fram kemur í myndinni.

Ef til vill er mynd Friðriks Þórs mælistika á það að Íslendingar búa orðið við miklu meira skjól og trjágróður en við höldum. Flestir þéttbýlisstaðir hafa lagt mikið kapp á þessa hluti á síðustu 10 árum. Umhverfi okkar er smám saman að breytast til batnaðar. Það er ánægjulegt að glöggir menn hafa augastað á trjám og krydda tilveru þeirra og okkar nýjum víddum.



VÖKVUNARSLANGAN

Hraðar vexti trjáa, limgerða og skjólbelta með sívökvun. Áhyggjur vegna þurrka og erfiður vatnsburður á braut.

Leaky Pipe vökvunarslangan er þekkt um allan heim sem íslensk gæðaframleiðsla. Slangan er afrekstur margra ára þróunar og rannsókna á því, hvernig ná má hámarksuppskeru og gæðum á stytum tíma með réttri vökvun. Leaky Pipe vökvunarslangan er framleidd úr endurunnum hjólbörðum og endist við rétta notkun í áráraðir.

ECOLINE ehf

Sunnumörk 4, 810 Hveragerði
sími 483 4670, fax 483 4970

METPOST

UNDIRSTAÐAN

skiptir máli fyrir

- sólballinn
- skjólvegginn
- girðinguna



Stólpur í steypu
Stólpur í jarðveg
Stólpur til að bolta niður

EINFALT • FLJÓTLEGT • ÖRUGGT

Vex þekking á trjám?

Þekking er eins og tré. Til að geta vaxið og dafnað þarf hún sitt rétta umhverfi, sína næringu, sína rækt.

Að rækta tré – að rækta skóg – að rækta þekkingu. Samnefnið alla þessa býr að baki útgáfu Skógræktartíttisins.



Aðskrift að Skógræktartíttisnum, Ársrit S.I., kostar einungis kr. 1.600,- (þorðargjöld innifalið).
Auk þess er hægt að lá keypt rit
árin 1931-1999 á kr. 25.000 (+þorðargjöld) (hluti ljóðar)
árin 1989-1999 á kr. 9.500
árin 1995-1999 á kr. 5.000

Hafðu samband í síma: 551-8150, fax: 562-7131
eða netfang: skogis.lett@minnet.is

SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS
Áskriftarsími er: 551-8150

Garðahönnun
Hamraborg 7

Grasefnavörur
Eldshöfða 1

ALLT Í GARÐINN

og garðvinnuna



Vantar þig gróðurmold, fræ, áburð, blómapotta, verkfæri, styttnar og skraut í garðinn eða eitthvað annað sem snýr að garðyrkju, blóma- eða trjárekti? Hjá **FRJÓ** færðu mikið úrval af allskonar vörum til garðyrkjustarfa, á frábæru verði.

Við höfum allt sem þú þarft til að prýða garðinn þinn!



STÓRHÖFÐA 35, 112 REYKJAVÍK
SÍMI 567 7860, FAX 567 7863

Kjöttmjöl



fyrir fallegri og betri gróður

Kjöttmjöl AB mjóls ehf., er lífrænn áburður og því mjög hentugur vegna mikils innihalds fóstors sem styrkir rótarvöxt, köfnunarefni, kalks, magnesíums auk fjölda annara snertifetna.

Mjölíð leysist hægt upp og gefur þar með næringu í langan tíma. Tilraunir Landgræðslu Ríkisins benda til að kjöttmjölíð sé ákjósanlegur áburður til landgræðslu og uppbyggingar á gróðursnaðum svæðum.

AB mjöl ehf. hefur ætíð haft það að leiðarljósi að fullnýta sem mest það hráefni er kemur til vinnslu. Með þróunarstarti og tilraunum hefur góður árangur náðst á þessu sviði m.a. með framleiðslu á dýrafóðri, bæði í formi lýsis og mjóls.

Kjöttmjölíð hentar mjög vel sem áburður fyrir tré, runna, blóm og undir nýlægt torf



Hafðu samband við sölumenn okkar og fáið frekan upplýsingar

AB mjöl ehf. - Sími 430-5600 - Fax 430-5601



STEYPUMÓT FYRIR SUMARBÚSTAÐI



• Steypumót undir sólpallinn og sumarbústaðinn

• Smíðum eftir máli

• Fljót og góð afgreiðsla

HAGBLIKK ehf.

Smíðjuvegi 4c 200 Kópavogur
Sími 587 2202 Fax 587 2203

SKÓGRÆKTARÁFORM Á NÝRRI ÖLD

Ísland er skóglausasta land Evrópu. Einungis um 1,2-1,3% landsins eru í dag þakin skógum og kjarri. Þetta ástand er hins vegar óeðlilegt, þegar lítið er til þess að við landnám var 25-30% landsins skógi klætt.

Skógræktarstarf undanfarna áratugi hefur ekki bætt miklu við skóglendi landsins. Gróðursetningar hafa ekki verið svo umfangsmiklar að þær skipti miklu, fyrr en eftir 1990 eins og sést á meðfylgjandi mynd.

Núna eru hins vegar uppi áform um að þessum málum fari að miða hraðar. Í fyrra voru samþykkt lög á Alþingi um svonefnd „Landshlutabundin skógræktarverkefni“. Með þeim var gefin heimild til þess að setja upp landshlutabundin skógræktarverkefni, sambærileg verkefnum Héraðsskógar og Suðurlandsskógar. Í vetur voru þrjú verkefni síðan formlega stofnsett, Norðurlandsskógar, Vesturlandsskógar og Skjólsskógar á Vestfjörðum. Nú eru því í gangi 5 verkefni, þrjú undir lögum um landshlutabundin skógræktarverkefni en tvö með sjálfstæðum lögum sem endurskoða á innan fjögurra ára.

Í verklýsingum þessara verkefna eru sett fram markmið um umfang skógræktar í landshlutunum. Sé það tekið saman kemur í ljós að markmið þeirra er að rækta skóg á um 180 þús. ha lands og ljúka á næstu 40-50 árum. Sé það borið saman við núverandi umfang skóglenda landsins, 130-140 þús. ha, sést að loksins virðist vera farið að þoka sæmilega áfram í ræktun nýrra skóga hérlandis. Við þetta þarf svo að bæta annarri skógrækt, sérstaklega þeirri sem framkvæmd er af skógræktarfélagunum í landinu, en þau hafa undir nú í dag um 20.000 ha lands og hyggjast bæta miklu við það á næstunni.

Gangi þessi áform eftir er ekki óraunhæft að sjá fyrir sér um þróðun á núverandi umfangi skóglenda landsins á næstu 50 árum



eða úr um 1,3% í um 3,5-4%. Þessu ferli gæti síðan friðun náttúrulegra birkiskóglenda flýtt mikið og þannig komið til veruleg aukning skóglenda.

Skógræktaráform á nýrri öld - fyrirhugaðar framkvæmdir landslutabundinna skógræktarverkefna á næstu 40-50 árum.

Suðurlandsskógar	45.000 ha
Héraðsskógar	35.000 ha
Vesturlandsskógar	35.000 ha
Norðurlandsskógar	45.000 ha
Skjólsskógar	28.000 ha
Samtals nýir skógar	188.000 ha

HITAVEITA
SUÐURNESJA

Árborg

Ryðfrí smíði

Markafestingar, stigar, handrið, almenn sérsmiði. Gerum tilboð í alla ryðfria smíði innan- sem utanhúss

Slár fyrir göngustíga

Sumarbústaðahlið

SAMSTÁL ehf.

hegat

Leitið upplýsinga í síma 555 6130

ÍSTAK

Garðyrkjustöðin Grísará

Sími 463 1129 - Fax 463 1322
 Heimasíða: <http://www.nett.is/grisara>

KYNNISFERÐ TIL ALASKA OG KANADA HAUSTIÐ 2001

Við viljum enn frekar vekja athygli á væntanlegri ferð haustið 2001 sem kynnt var í síðasta Laufblaði.

Í samvinnu við Landssamband skógareigenda hefur Skógræktarfélag Íslands staðið fyrir kynnisferðum til útlanda. Núna er hafin skipulagning á ferð til vesturstrandar N-Ameríku haustið 2001, væntanlega í september.

Ráðgert er að ferðin taki tvær vikur og verði ferðast um skóga vesturstrandarinnar en þangað höfum við sótt margar trjátegundir til ræktunar hér, eins og sitkagreni, hvítgreni, stafafuru, alaskaösp og alaskavíði svo nokkrar þær helstu séu nefndar.

Verð liggur ekki fyrir en reynt verður að halda því í lágmarki. Áhugasamir geta strax haft samband við skrifstofu Skógræktarfélags Íslands, í síma 551-8150/561-8150 eða skogis.fel@isholf.is. Þeir verða þá skráðir og fá síðan sendar frekari upplýsingar. Nú þegar er fjöldi fólks kominn á skrá.

NOKKUR LAUS SÆTI Í NOREGSFERÐ

Í sumar er væntanleg ferð til Noregs á vegum Skógræktarfélags Íslands. Flogið verður til Bodö í N-Noregi, en skógræktarfélagið í Salten mun hafa veg og vanda af móttöku hópsins. Flogið verður út 24. júní og til baka 2. júlí. Nú þegar eru fjölmargir skráðir. Nokkur sæti eru laus og eru áhugasamir beðnir að hafa samband hingað til Skógræktarfélags Íslands sem fyrst.



Gróðrarstöðin Réttarhóll
Svalbarðseyri Sími: 461-1660 & 899 8352
Vefang: <http://www.est.is/igri/>

- Tré og runnar,
- fjölær blóm,
- flestar tegundir sumarbólma,
- pottablóm,
- skógarplöntur í bökkum,
- Lanum gróðursetningaráhöld

Opnir alla virka daga frá kl. 10-22 og laugardaga og sunnudaga frá kl. 10 - 18

Morgunblaðið

Ný glæsileg bók

Anto Tóki Garðskott • Auður Svendsdóttir • Þórhildur Þórhildardóttir

Garðurinn

Hugmyndir að skipulagi og efnisvali

340 litmyndir
80 skýringamyndir
fjöldi garðteikninga

Bókin um garðinn

Fyrsta íslenska bókin sem fjallar einkum um hönnun garðsins, fjölbreytni í skipulagi og efnisvali. Vegleg bók, 208 síður.

Sendum hvert sem er gegn póstkröfu

Garðyrkjufélag Íslands
Frakkastígur 9, 101 Reykjavík, sími og fax 552 7721

Verðlaunakrossgáta Laufblaðsins

Verðlaunakrossgáta Laufblaðsins er góð leið fyrir áhugað fólk að skerpa á kunnáttu um tré og skóg. Lausnir sendist til Skógræktarfélag Íslands, c/o krossgátan, Ránargata 18, 101 Reykjavík. Dregið verður úr réttum lausnum og vegleg verðlaun veitt í vor.

Dregið hefur verið úr réttum lausnum verðlaunakrossgátunnar frá því um jóln. Aldrei hafa önnur eins viðbrögð verið við gátunni. Lausnarorðið var "Selja". Eftirtaldir 5 vinningshafar voru dregnir út og eiga þeir von á Skógræktarbókinni í pósti á næstunni.

Inga Magnúsdóttir, Sunnuhvoli
603 Akureyri

Sveinbjörn Ólafsson, Áltaskelði 30
220 Hafnarfirði

Kristín Steingrímsdóttir, Litluhlíð 2A
603 Akureyri

Vésteinn Rúni Eiríksson, Birkigrund 24
200 Kópavogur

Hildigerður Skaffadóttir, Fiskihóli 9
780 Hornafjörður



	Næringar -efnið	Fraxinus + Fisk	Tala + Titill	Tala	Borða	Söleyjar eru		Amen		
						6	↙			
	Dérur ----- Íslenskt bartré		▼	Tarf ----- Prunefni	← 3			9		
Ask- arnir	8	4			Eiturlyf					
Tala + Pinus	▶				Dýr ----- Samtök					
Maður			10	Fuglar ----- Suða			5			
Einn + Blátopp	▶	▼				Eins ↓	▶	Plöntu- fóstur		
Með rauð ber	7				Blaut ----- Ending					
	Án + Dreifði fræi	▶	1		2	Ión ----- ká	←			
Jarðvegs- lívera + hljóm							▶			
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10

**Garðyrkjuskóli
Ríkisins
Reykjum**

**Guðmundur
Jónasson hf
Borgartúni 34**

**Rafveita
Hafnarfjarðar
Hafnarfirði**

**Sorpstöð
Suðurlands
Austurvegi 2**

SAMKAUP

GRINDAVÍKURBÆR



KÓPAVOGSBÆR

Hóperðabifreiðar 8-70 sæta



Teitur Jónasson ehf
Sími: 564 2030



Reykjanesbær

HÓPERÐAMÍÐSTÖÐIN hm

**GLOBUS
VÉLAVER**
Sími Reykjavík 588 2600 - Akureyri 461 4007

FBA

FJÁRFESTINGARBANKI
ATVINNULÍFSINS HF



Sparisjóður
Mýrasýslu

TRÉSMÍÐJA
Vesturgötu 14 • Akranesi
Sími: 430 3660 • Farsími: 893 6975
Brefúmi: 430 3666

Val gróðursetningaráhaldna

Nú fer sá tími í hönd þegar skógræktarmenn undirbúa starf sumarsins, meðal annars með því að huga að verkfærum. Í þessu þarfaþingi verður fjallað um algengustu verkfæri, sem notuð eru við gróðursetningu á skógarplöntum úr fjölpottum. Sú aðferð að rækta skógarplöntur í fjölpottum, sem í daglegu tali kallast bakkaplöntur, barst hingað frá Norðurlöndum snemma á níunda áratug aldarinnar og er nú nær allsráðandi á markaðinum. Með þessari ræktunaraðferð varð mikil hagræðing á flestum stigum frá sáningu til gróðursetningar. Hér er ætlunin að fjalla um helstu handverkfæri sem hafa verið þróuð og aðlöguð að þessari gerð skógarplantna.



Skógræktarmaður með „alvæpni“ þ.e. gróðursetningarstaf og belti til þess að halda á bökkunum. Mynd (EG)

Í síðasta Laufblaði var fjallað um gróðursetningavél Markúsar Runólfssonar, sem hefur reynst mjög vel á sunnlensku sléttunum og er áhugaverður kostur fyrir stórtæka skógræktendur víðs vegar um landið. Sú vél er í stöðugri þróun og auk þess sem hún vinnur landið og gróðursetur, skammtar hún áburð og sáir fræi ef vill. Þá eru til margar útgáfur af gróðursetningarvélum erlendis en ekki verður fjallað um þær hér að þessu sinni.

Helstu handverkfæri sem notuð eru hér- lendis við gróðursetningu skógarplantna eru gróðursetningarstafir og svokallaðar geispur. Þá má ekki gleyma burðarbeltunum sem eru mikið notuð af atvinnuöðnum í gróðursetningu, vegna þeirrar hagræðingar sem í því felst að hafa bakka í beltisstað. Notkun belta fyrir fjölpotta léttu verkið til muna. Einnig eru til burðargrindur fyrir fjölpotta sem henta vel ef

flytja þarf plöntur fótgangandi um langan veg.

Gróðursetningarstafir eru til í mörgum útgáfum og eru misvandaðir og á þeim nokkur verðmunur. Sumir eru með skiptanlegum kólfum eftir því hvaða rúmmál er á rótarhnáus plantnanna. Við val á góðum gróðursetningarstaf er rétt að hafa eftirfarandi í huga:

i) Kólfur þarf helst að vera úr hertu stáli og fást í mismunandi stærðum eftir því hvaða plöntugerð á að gróðursetja hverju sinni.

ii) Ástiga verður að vera hönnuð með flekkjun í huga. Flekkjarinn er notaður til þess að skafa gróðurþekjuna ofan af sverðinum þar sem þörf krefur.

iii) Bil þarf að vera á milli efri enda á kólfi upp að ástigu/flekkjara, annars vill holan verða of grunn þegar gróðursett er í ósléttu landi.

iv) Loks er vitaskuld gott ef stafur er í senn léttur, sterkur og fer vel í hendi.

Þar sem gróðurþekja er þétt og þykk er nauðsynlegt að flekkja, hafi land ekki verið vélunnið fyrir gróðursetningu. Flekkja þarf því stærri flekk, því þykkari sem gróðurþekja er, við meðalaðstæður á að giska 20x30 cm flekk. Sumir gróðursetningarstafir eru aðeins búnir örmjórrí ástigu sem ekki er brúkhæf sem flekkjari.

Góður gróðursetningarstafur, sem beitt er af þekkingu, hentar vel til gróðursetningar á flestum landgerðum, helst þarf að vara sig þar sem mikil hætta er á frostlyftingu.



Geispa hefur unnið sér sess sem íslenskt heiti á finnska gróðursetningarrörinu „Pottiputki“. Mynd (JGP)



Óskar Magnússon, bóndi á Brekku í Skagafirði, hefur látið sérsníða geispu til þess að setja niður plöntur ræktaðar í 1 l pottum. Hún er því öll stærri en þær finnskættuðu, sem eru ætlaðar fyrir hefðbundnar skógarplöntur. Hér sést hann gróðursetja fallegt sitkagreni, sem hann elur upp sjálfur. Mynd (JGP)

Geispa hefur unnið sér sess sem íslenskt heiti á finnska gróðursetningarrörinu „Pottiputki“. Helstu kostir geispunnar eru að nánast er tryggt að plantan fellur djúpt í jörðu og jarðvegur fellur vel að rótarkögglinum. Rúsinan í pylsuendanum er svo auðvitað að sá sem gróðursetur þarf ekki að beygja sig, því plöntunni er rennt niður rörið. Geispur eru til í nokkrum gerðum eftir stærð plantna og hversu djúpt á að gróðursetja. Hún dugar vel á vélunnu, flekkjuðu eða rýru landi þar sem ekki þarf að flekkja eða jarðvinna. Margt bendir til þess að frostlyfting sé minna vandamál þegar gróðursett er með geispu heldur en staf. Plönturnar fara þá yfirleitt vel djúpt í jörð og jarðvegurinn þjappast vel að rótarkögglinum sem fyrr segir.

Sé gróðursett af kostgæfni og þekkingu ættu stafur, geispa og plöntubelti að reynast hin mestu þarfaþing.

Hins vegar viljum við ráðleggja þeim sem eru ekki að gróðursetja mjög margar plöntur á ári og vilja sjá skjótan árangur að nota gömlu góðu aðferðina með skóflu og skít.

Einar Gunnarsson skógræktarfræðingur, Skógræktarfélagi Íslands



Mismunandi gerðir af gróðursetningarstöfum: Fyrir miðju er stafur sem á vantar nothæfan flekkjara og einnig er hæðin frá ástigu/flekkjara of knöpp. Stafirnir sinn hvorum megin hafa það fram yfir hinn að vera með flekkjara og u.þ.b. 4 cm bili frá efri brún á kólfi að ástigu/flekkjara. Þá eru kólfar skiptanlegir og fást í tveim stærðum. Mynd (JGP)

SKÓGARNIR VAXA

Tuttugu metra tré á Íslandi

Á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands haustið 1995 var mælt í fyrsta sinn á Íslandi 20 metra hátt tré. Það var rússalerki ættað úr Arkangelshéraði, gróðursett árið 1937 við Atlavíkurstekk í Hallormsstaðaskógi.

Reyndist tréð vera þá 20,05 m að hæð.

Tveimur árum seinna, árið 1997, öttu kappi Sunnlendingar og Héraðsbúar um hvorir ættu hæsta tré landsins. Kallaðir voru fram sýslumenn viðkomandi héraða til að staðfesta og löggilda mælingarnar. Aðdragandinn að keppinni var að undirritaður hafði nýlega mælt alaskaösp í Múlakoti í Fljótshlíð 20,10 m háa og þar með hafði önnur trjátegund náð 20 m hæð. Upp af þessum sakleysisfréttum tóku blaðamenn Austurlands og Sunnlenska fréttablaðsins upp vopnin og kepptu um hvort tréð væri hærra. Niðurstaðan var sú að rússalerkið hefði vinninginn og var það orðið 20,32 m en Múlakotsöspin mældist aðeins 19,96 m, Sunnlendingum til mikilla vonbrigða. Skýringin á þessu misræmi milli mælinga var að undirritaður var einn að mæla með Blume-Leiss kík, en seinni

mælingin var með stöng og heilum hópi af mönnum.

Núna er hins vegar komið á daginn að alaskaaspir hafa náð meira en 20 m hæð hérlandis og eru þar afdráttarlaust komnar í 20 m flokkinn ásamt rússalerkinu. Að minnsta kosti er vítað um 3 aspir sem eru nú komnar yfir 20 metrana. Skúli Björnsson, aðstoðarskógarvörður á Hallormsstað, mældi alaskaösp í Mörkinni á Hallormsstað sem reyndist vera 20,37 m á hæð, gróðursett árið 1954. Undirritaður tók einnig fram mælistöngina að nýju og mældi með aðstoð Sigvalda Ásgeirssonar og Árna Guðmundssonar nokkur tré í safninu í Múlakoti. Hæsta öspin í Múlakoti reyndist 20,45 m og önnur var 19,95 m. Frá Múlakoti var haldið til Laugaráss í Biskupstungum og nokkrar aspir mældar, bæði við sumarbústað Ólafs læknis Einarssonar og hjá Herði Sigurðssyni, garðyrkjubónda á Lyngási. Í Laugarási var ekki hægt að reisa stöngina meira en 19 m sökum stigaleysis. Hins vegar er nokkuð öruggt að hæsta öspin við bústað Ólafs heitins Einarssonar er komin yfir 20 m.



20 metra alaskaösp í Múlakoti. Mynd Hrafn Óskarsson.

Giskað var á að hún væri um 20,20 m að hæð.

Áhugavert verður síðan að fylgjast með því hvaða trjátegund muni næst rjúfa 20 metra múrinn. Sitkagreni er þar líklegur kandidat en einnig blágreni og rauðgreni. Nokkur ár munu hins vegar líða áður en 30 metra múrinn verður rofinn!!

Til samanburðar í þessum hæðarmælingum má geta þess að 20 metrar er svipuð hæð og á 5-6 hæða fjölbýlishúsi.

Þórarinn Benediktz skógfræðingur, Rannsóknastöð Skógræktar, Mógilsá




Túngirðingarnet

Girðingarefni

Túngirðingarnet, staurar, gaddavír og rafgirðingarefni og allt í rafgirðinguna

Ávallt í leiðinni og ferðarvirði





Hotline rafgirðingarspennar

Staurar fyrir allar girðingar



MR búðin

Lynghálsi 3

Sími: 540 1125 • Fax: 540 1120

Námúflekkað Reykjavíkur



V A R I S T

meðferð elds í skóglendi á vorin.

Brunamálastofnun Ríkisins



Garðplöntustöðin
NÁTTHAGI

við veg nr. 374 HVAMMUR

Tré, runnar, sumarblóm, fjölær blóm.


Sími 483 4840 Fax 483 4802

Velkomin í sveitasælustöðina

Typar


JARÐVEGSDÚKUR

Hindrar vöxt illgresis



- TYPAR kemur í veg fyrir illgresisvöxt í blómabeðum og málurtagörum.
- TYPAR hleypr regnvatni í gegnum sig.
- TYPAR er efnafræðilega aðgerðarlaus þ.e. getur ekki frá sér neinar efnaþöndur.

Hemill á rótarvöxt



- TYPAR kemur í veg fyrir óæskilega dreifingu róta lövtré og látré t.d. við hlaðna vegg.
- TYPAR ver t.d. framvæðikerfi fyrir ágangi róta.
- TYPAR ver t.d. ný boð fyrir rötum trjáa.

Ræktun á lélegum jarðvegi



- Þegar gróurmold er sett ofan á lélegan (grófan) jarðveg er gott að nota TYPAR dök á milli til að koma í veg fyrir jarðvegsblöndun eða sig.
- TYPAR hindrar rötavöxt niður í undirlagi.
- TYPAR hefur gróurmoldinni á sínum stað t.d. í vatnaveðnum.
- TYPAR er sparnaður — minnkar undirvinnu, minna magn gróurmoldar, t.d. þegar ræktað er ofan á hraun.

orka

Snorri G. Guðmundsson hf
Blíðshofdi 8

IS-110 Reykjavík, ICELAND

Tel.: +354 535 8800, Fax.: +354 535 8808



**GÆÐAMOLD
Í GARÐINN**

Grjóthreinsuð
mold, blönduð
áburði, skeljakalki
og sandi. Þú sækir
eða við sendum.
Afgreiðsla á gömlu
sorphaugunum í
Gufunesi.



GÆÐAMOLD

MOLDARBLANDAN – GÆÐAMOLD HF.

Pöntunarsími 567 4988

**GÆÐAMOLD
í garðinn þinn
Garðaúrganginn burt**

Við færum þér
gæðamold og
flytjum garða-
úrganginn burt
í jarðvegsbanka.
Einfalt og
umfram allt
umhverfisvænt.

Upplýsingar
í síma 568 8555



GÁMAÞJÓNUSTAN HF.

BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ

Súðarvogur 2, Pósthólf 4273, 124 Reykjavík

Sími 568 8555, Fax 568 8534

HEIÐMÖRK 50 ÁRA

Á þessu ári eru liðin 50 ár frá stofnun Heiðmerkur, en hún var formlega vígð þann 25. júní árið 1950 af þáverandi borgarstjóra Gunnari Thoroddsen.

Allt frá stofnun Heiðmerkur hefur Skógræktarfélag Reykjavíkur verið umsjónar- og framkvæmdaraðili á Heiðmörk samkvæmt samningi sem félagið gerði við Reykjavíkurborg.

Í tilefni þessara tímamóta mun Skógræktarfélagið standa fyrir dagskrá á Heiðmörk í hverjum mánuði allt árið þannig að þar ættu flestir að finna eitthvað við sitt hæfi. Félagið leitaði til ýmissa aðila til aðstoðar við þessa dagskrá og var alls staðar vel tekið.




Komið hefur verið upp heimasíðu um Heiðmörk, þar er að finna ýmsan fróðleik um svæðið og í framtíðinni á síðan að verða alfræðisafn um Heiðmörk. Slóðin er www.heidmork.is.

Dagskrána á Heiðmörk í ár er að finna í fræðslubæklingnum sem fylgir Laufblaðinu að þessu sinni.

Vignir Sigurðsson,
Skógræktarfélagi Reykjavíkur.



VEDURSTOFA
ÍSLANDS



Við leggjum rækt við landið

Sparisjóðurinn styrkir Dimmuborgir





H R E I N T L O F T



H R E I N T V A T N



H R E I N J Ö R Ð



Búnaðarbankinn er stoltur af því að leggja þeim lið sem hafa frumkvæðið að því að skila hreinni og heilbrigðri íslenski náttúru í hendur komandi kynslóða. Landgræðslan, Skógræktarfélag Íslands, Gróður í Landnámi Ingólfs og Bernskuskógar eru meðal þeirra aðila sem hafa lyft grettistaki í umhverfismálum með aðstoð Búnaðarbankans.

 **BÚNAÐARBANKINN**
Traustur banki

ÁHUGAVERÐ RÆKTUNARAÐFERÐ

Laufblöðungur vill vekja athygli lesenda á ágætri ræktunaraðferð, sem hann skoðaði nýlega.

Við aðsetur Skógræktar ríkisins á Hreðavatni hefur skógarvörðurinn, Birgir Hauksson, látið gróðursetja ýmsan víði í vel gróid land með 5-10 m millibili. Hann lét gróðursetja víðinn svona strjált til þess að skapa skjól, frekar en að fara þessa hefðbundnu leið að gróðursetja víðinn í beina röð sem skjólbelti. Þannig verður til áferðarfallegur víðiskógur sem er fljótur að vaxa og mynda skjól. Grafnar voru ágætar holur, þær fylltar af skít og þar síðan gróðursettar vænar víðiplöntur,



Víðiræktunin á Hreðavatni. Núna er upplagt að bæta inn hávaxnari, róststöðugri og langlífari trjátegundum eins og sitkagreni, alaskaösp og jafnvel reynivíð. Mynd (JGP)

bæði alaskavíðir (Gústa) og víðja. Á fáum árum hefur víðirinn vaxið upp og er nú búið að bæta öðrum trjátegundum inn á milli víði-plantanna.

Ræktunarfólk sem vill sjá skjótan árangur ræktunarinnar ætti að hugleiða þessa aðferð

þar sem hinn hraðvaxni víðir er alinn upp sem fóstur fyrir viðkvæmari tegundir sem seinni eru af stað. Engin nauðsyn er að rækta eingöngu þráðbein skjólbelti. Á þennan hátt getur verið hægt að laga for-ræktun til skjóls mun betur að landslaginu.

Eftirtaldir aðilar styrktu útgáfu blaðsins

Ako Plastos
Almenna málflutningsstofan hf
Almiðlun ehf
Arkís ehf
Ásgarður
Ásgeir Sigurðsson ehf
Bílaverkstæði Guðjóns
Björn og Guðni hf
Björn Traustason hf Byggingaverktaki
Blikk og tækniþjónustan hf
Borgarbyggð
Bókasafn Héraðsbúa
Bókhalds- og tölvuþjónustan sf
Brúarárskóli
Bújöfur-Búvélur hf
Búnaðarfélag Biskupstungnahrepps
Búnaðarsamband A-Húnavatnssýslu
Búnaðarsamband Kjálarnessþings
Búnaðarsamband Skagfirðinga
Búnaðarsamband Suðurlands
Búnaðarsamtök Vesturlands
Búvangur ehf Brúarlandi
Byggt og flutt
Bændasamtök Íslands
Daltré hf
Djúpavogshreppur
Ellingsen hf
Engihlíðarhreppur
Fagval
Fasteignamiðlunin Berg
Fasteignasalan Hafnargötu 27
Faxavélur hf
Ferðaþjónusta bænda Geirlandi
Ferðaþjónusta bænda Stafafelli
Ferðaþjónusta bænda Syðri Haga
Félagskaup hf
Félagsmálaráðuneytið
Fjallalamb hf
Fjarðarþóstrinn hf
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra
Fjölprennt
Flugfélag Austurlands
Flúðafiskur
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
Framköllunarþjónustan ehf
Friðrik Jónsson ehf
Fönn hf

G H verkstæðið
Gagnaeyðing hf
Garðyrkja ehf
Gámaþjónusta Sorphirðunnar
Gerðahreppur
Gistiheimilið Syðra Langholti
Glæsibæjarhreppur
Gólfslípun Sigurðar Hannessonar
Grafarvogss apótek
Granít
Gróðrastöðin Laugaströnd
Grunnskólinn Þingeyri
Gullkistan
Gunnarstindur Snæfell hf
Haraldur Böðvarsson hf
Héraðsskógar
Héraðsskjalasafn Austfirðinga
Hitaveita Egilsstaða og Fellahrepps
Hjalti Guðmundsson ehf
Hjúkrunarheimilið Skjól
Hólaskóli
Hólmavíkurhreppur
Hótel Borganes
Hótel Geysir hf
Hótel Laugarhóll
Hreinsunardeild Reykjavíkurborgar
Hugver
Húsvíkurkaupstaður
Hvalfjarðarstrandarhreppur
Höfðahreppur
Innri-Akraneshreppur
Innviðir sf.
Ísafjarðarbær
Ísbúðin Álftheimar 4
Ísefni efnavörur ehf
Jarðefnaíðnaður hf
Jarðvélur sf.
Jeppasmiðjan ehf
Johan Rönnung hf
Jóhanna Sigurðardóttir
K.P.M.G. á Íslandi
Kartöflusalan Svalbarðseyri hf
Kaupfélag Skagfirðinga
Kaupfélag Stöðfirðinga
Kaupfélag Vestur-Húnavatnssýslu
Kaupfélag Vopnfirðinga
Kaupsel hf
Kirkjubæjarskóli
Kjarnafæði hf
Kjörgarður Laugavegi 59
Knarrareyri hf
Kvennafélagið Fjöla
Kynnisferðir sf. ferðaskrifstofa

Lambeyri ehf
Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri
Landslag ehf
Langanes hf
Langholtsskóli
Laugarnesskóli
Leikskólinn Barnaból
Lindin, kristið útvarp Fm:102,9
Ljósbrá Gistihús
Ljósgrjafinn hf
Lögmannsstofan Barónstíg
Magnús H Ólafsson
Meistarafélag húsasmíða í Reykjavík
Merking hf
Mjóafjarðarhreppur
Netagerð Vestfjarða hf
Nytjaskógar
Oliufélagið hf
Esso
Optíma
Orkuveita Reykjavíkur
PricewaterhouseCoopers
R Sigmondsson hf
Rafidn
Rafmagnsverkstæðið Neistinn ehf
Raftákn hf
Raftækning hf
Reykjabúið hf
Ríkisendurskoðun
Ræktunarsamband Landeyja
Safnhús Borgarfjarðar
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Sementsverksmiðjan hf
Set Plaströr
Siglufjarðarkaupstaður
Silfurstjarnan hf
Sjafnarblóm
Skaftárhreppur
Skipulagstofnun
Skjanni hf
Skorradalshreppur
Skógræktarfélag Patreksfjarðar
Skútustaðahreppur
Slippfélagið í Reykjavík hf
Slökkvilið Reykjavíkur
Snæberg ehf, bifreiðaverkstæði
Sóldekk ehf
Sparisjóður Bolungarvíkur
Sprettur ehf
Starfsmannafélag ÍSAL
Steypastöð ehf
Straumrás hf
Strengur hf
Suzuki Bílar hf



Lykillinn að góðu kvöldi

Skógræktarfélag Eyfirðinga 70 ára

Á þessu ári heldur Skógræktarfélag Eyfirðinga upp á 70 ára afmæli sitt, en félagið var stofnað 11. maí 1930 og hét upphaflega Skógræktarfélag Íslands. Árið 1932 var síðan nafninu breytt í Skógræktarfélag Eyfirðinga.

Skógræktarfélag Eyfirðinga ætlar að minnst þessara tímamóta með ýmsum hætti.

Ráðstefna - Ásýnd Eyjafjarðar

Aðalfundur félagsins verður haldinn fimmtudaginn 11. maí en laugardaginn 13. maí verður haldinn hátíðarfundur þar sem fjallað verður m.a. um skógræktina og horft til framtíðar.

Afmælisrit í vinnslu

Ráðgert er að gefa út afmælisrit þar sem fjallað verður m.a. um skógræktarsvæði félagsins í Eyjafirði, sögu skóga á svæðinu o.fl. Bókin mun koma út í tengslum við hátíðarfundinn þann 13. maí.

Kynning á starfi félagsins

Ákveðið er að kynna starfsemi félagsins rækilega á afmælisárinu. Segja má að afmælið hafi hafist á nýársdag en þá stóð

„Fundarboðandi var Jón Rögnvaldsson og setti hann fundinn, en fundarstjóri var kjörinn Steingrímur Jónsson. Jón hóf umræður og lýsti í stuttu máli ástandi í skógræktarmálum hér á landi og skýrði síðan frá, hvað fyrir sér vakti, með stofnun félagsins, sem hefði það eitt viðfangsefni, að vinna að skógræktarmálum í landinu, enda væri ætlun sín að félag það, sem hann legði til að yrði stofnað næði síðar yfir landið allt og yrði Skógræktarfélag Íslands. Var máli Jóns mjög vel tekið og samþykkti fundurinn, í einu hljóði, að stofna félag, sem ákveðið var að hétu Skógræktarfélag Íslands“

Úr fundargerð stofnfundar 11.maí 1930

Síðustu helgi ágústmánaðar verður aðalfundur Skógræktarfélags Íslands haldinn á Akureyri.

Nákvæmari dagsetningar þessara viðburða verða ákveðnar síðar og auglýstar í heimahéraði. Allar upplýsingar um starfsemi félagsins eru gefnar í síma 462-4047 í Gróðrarstöðinni í Kjarna.

Spennandi skógræktarár í Eyjafirði árið 2000 !!!

Hallgrímur Indriðason framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Eyfirðinga

félagið fyrir útivistardegi í Kjarnaskógi og komu þangað um 300 manns.

Júní: Þá verður fræðsla og kynning í gróðrarstöð félagsins í Kjarnaskógi. Þar mun starfsfólk fræða um plöntur og plöntuuppeldi.

Júlí: Fyrirhuguð er gönguferð í Vaðlaskóg, en þar hefur verið unnið að stígagerð og grísjun undanfarin ár. Vaðlaskógur er einn af elstu skógum félagsins, friðaður 1936.

Ágúst: Kynning á skógræktinni á Hálsi í Eyjafjarðarsveit. Landgræðsluskógurinn í landi Melgerðis sem gróðursettur var 1990 verður skoðaður.



TRJÁMÆLINGAR Í KÓPAVOGI

Síðastliðið haust gekkst Kópavogsbær fyrir skipulögðum mælingum á trjám í bænum. Skógræðingar frá Skógræktarfélagi Íslands önnuðust mælingarnar í samráði við garðyrkjustjóra.

Mæld voru 107 tré af 20 tegundum, einkum í eldri trjálundum á opnum svæðum bæjarins, en einnig nokkrum í gördum bæjarbúa. Reynt var að finna hæstu tré bæjarins meðal hinna algengustu tegunda, en einnig voru staðsett og mynduð ýmis fágætari tré og þau sem eru merkileg að öðru leyti.

Sum trén sem mæld voru eru örugglega þau hæstu eða gildustu sinnar tegundar í Kópavogi, önnur örugglega ekki. Listinn er heldur ekki tæmandi, t.d. vantar mælingar á rauðgreni, blágreni, fjallapín,



Fallegur trjágróður við Dvöl í Kópavogi. Mynd (FB)

fjallafuru, viðju, hegg og eplatré svo nokkrar tegundir séu nefndar.

Því fer fjarri að einhver hæðarmet á landsvísi hafi verið slegin, enda var ekki búist við því. Hæsta tréð í bænum skv. þessum mælingum reyndist vera alaskaösp við Lund, 15,6 m að hæð. Einnig var mælt 10,1 m hátt birkitré (Birkigrund 9a), 10,5 m hár garðahlynur (Dvöl), gráreynir 7,7 m (Dvöl), gljávíðir 8,2 m (Digraeskirkja), þingvíðir 8,2 m (Dvöl), Evrópulerki

8,2 m (Birkigrund 9a), og skógarfura 4,6 m (Dvöl) svo nokkur dæmi séu tekin.

Ætlunin er að halda þessum trjámælingum og skráningum áfram. Þetta er hugsað sem innlegg í ítarlegri úttekt á trjágróður í Kópavogi og vonandi skráningu á trjáræktarsögu bæjarins.

Friðrik Baldursson
garðyrkjustjóri Kópavogsbæjar

Eftirtaldir aðilar styrktu útgáfu blaðsins:

TF búðin
Tannlæknastofa Einars Magnússonar
Teiknistofa Ingimundar Sveinssonar
Tékk-kristall hf
Tiffany's Gler Studio

Tónspil
Trésmiðja Sigfúsar Kristinssonar
Trésmiðjan Akur
Trésmiðjan Borg hf
Trésmiðjan Eik hf
Tölvuverk hf
VDO verkstæði ehf
Verkalýðsfélag Borgarness
Verkalýðsfélagið Rangæingur
Verkfræðistofa Jóns B Hafsteins
Verkfræðipjónusta Akraness ehf

Verslunin Arnhöll
Verslunin H Sel
Vestmannaeyjabær
Véla-og Stálsmiðjan
Véla og Bílþjónusta Kristjáns
Vélaverkstæði Hjartar Eiríkssonar
Véltjórafélag Íslands
Þorsteinn Sveinsson
Þórshafnarhreppur
Þratarhöll ehf
Ölur - Skógræktarstöð

Græðum landið til framtíðar

ÁBURÐARVERKSMIÐJAN HF.
Guharví 128 Reykjavík - www.aburda.is
Sími 580 3200 - Fax 580 3209
- Farið þjónusta við bæmdur í 48-60

GIRÐIR
Girðingarefni framtíðarinnar

Hefur þú kynnt þér Girðir? Einstakur virðisinn og endurunnið plastið gerir Girði varanlega lausn fyrir rafgirðingar.

Girðir er fánlegur í eftirfarandi útfærslum:

- G1** Með járnkjarna sem hentar fótum og grýttum jarðvegi.
- G2** Er öll úr plasti og hentar í mjótt jarðveg.
- G3** Rengla milli staura.
- G4** Horn / afstaut. Einnig er 1710

Virðisinn er einfaldur, traustur og einstaklega þægilegur í notkun.

Vistvæn afurð - Íslenskt hugvit

Flúðaplast ehf.
Sími: 486 6748 - Fax: 486 6594



47%

SPRON er nútímalegt og framsækið fyrirtæki. Við teljum að leiðin til þess að þjóna þér sem best sé að vera alltaf á tálum og í forystu um nýjungar á íslenskum fjármálamarkaði. Á liðnu ári buðum við fyrstir ýmsa nýja þjónustupætti í bankaviðskiptum, til hagsbóta fyrir alla Íslendinga, þar sem við setjum þig í öndvegi.

Nýbreytni okkar og frumkvæði féll í góðan jarðveg og viðskiptavinum okkar fjölgaði um heil 47%.

Við viljum bjóða þér að slást í hópinn og
að taka þátt í framþróun fjármála í þágu
íslenskra heimila. Við verðum alltaf á
tánum fyrir þig og þína.



SPRON
SPARISJÓÐUR REYKJAVÍKUR OG NÁGRENNIS



(Þjónustuver VÍS góðan dag!)

560 5000

Hjá VÍS snúast tryggingar um fólk. Með það að leiðarljósi býðst þér nú afar þægileg leið til að eiga samskipti við okkur. Í nýju þjónustuveri færðu símleiðis alla þjónustu og upplýsingar um tryggingar fjölskyldunnar. Þú getur hringt í síma 560 5000 frá kl. 8 á morgnana til kl. 19 á kvöldin alla virka daga og við leggjum okkur fram við að leysa úr þínum málum. Sláðu á þráðinn!



þar sem tryggingar snúast um fólk

Þjónustuver 560 5000

Símaþjónusta alla virka daga kl. 8-19.